

Umsögn dómnefndar

samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla

um umsækjendur um tvö embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang

við Héraðsdóm Reykjavíkur sem auglýst voru laus til umsóknar í

Lögbirtingablaði 1. september 2023

Reykjavík, 8. nóvember 2023

EFNISYFIRLIT

1. Umsækjendur	3
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á	3
3. Um málsmeðferð dómnefndar.....	6
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur	7
5. Mat á hæfni umsækjenda.....	14
5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi	14
5.2. Menntun og framhaldsmenntun.....	15
5.2.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður	16
5.3. Reynsla af dómstörfum.....	16
5.3.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður	17
5.4. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum	18
5.4.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður.....	19
5.5. Reynsla af stjórnarsýslustörfum.....	20
5.5.1. Reynsla af stjórnarsýslustörfum – samanburður	22
5.6. Reynsla af fræðistörfum o.fl.	23
5.6.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf.....	23
5.6.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður	
.....	24
5.6.2. Fræðibækur og -greinar o.fl.	24
5.6.2.1. Fræðibækur og -greinar o.fl. – samanburður	25
5.7. Reynsla af stjórnun	25
5.7.1. Reynsla af stjórnun – samanburður.....	26
5.8. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.	27
5.8.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður	28
5.9. Sérstök starfshæfni.....	29

5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu	29
5.9.2. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi.....	30
6. Færni umsækjenda til að semja dóma	30
7. Niðurstaða dómnefndar	32

1. Umsækjendur

Með bréfi 26. september 2023 fór dómsmálaráðuneytið þess formlega á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti tveggja héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang við Héraðsdóm Reykjavíkur. Embættin voru auglýst laus til umsóknar 1. september 2023 í Lögbirtingablaði.

Eftirtalin sóttu um embættin tvö: Finnur Þór Vilhjálmsson saksóknari, Hákon Þorsteinsson lögfræðingur, Hrefna Dögg Gunnarsdóttir lögfræðingur, Margrét Helga Kristínar Stefánsdóttir lögmaður, Ólafur Helgi Árnason lögmaður, Sigurður Jónsson lögmaður, Sindri M. Stephensen dósent, Sólveig Ingadóttir aðstoðarmaður héraðsdómara og Stefanía G. Sæmundsdóttir saksóknari.

Samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættanna sem auglýst hafa verið laus til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála var sú að umsækjendur uppfylltu allir þau skilyrði.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Samkvæmt lögnum skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Þágildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir meðal annars svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og viðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt

verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðiritra, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf dómnefndar. Dómsmálaráðherra hefur sett reglur nr. 970/2020 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjanda um dómaraembætti, en þær komu í stað eldri reglna um sama efni, nr. 620/2010. Í 4. gr. hinna nýju reglna er á sama hátt og í 4. gr. þeirra eldri fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á. Þar segir meðal annars: „Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjanda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi ... Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórn-sýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám ... Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi ... Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti ... Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður

að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi ... Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breytingu á lögum nr. 15/1998, er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ennfremur er þar minnt á að í tilmælum ráðherra nefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi.

Dómnefnd hefur áður fjallað um í umsögnum sínum hvaða merkingu beri að leggja í þau ummæli 4. gr. reglnanna „að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu“ og tekið fram að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðförum. Einnig að fjölbreytt starfsreynsla umsækjanda geti aukið lögfræðilega þekkingu hans, en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Sú ályktun hefur verið dregin af athugasemdum með frumvarpinu, er varð að lögum nr. 45/2010, að megináhersla sé þar lögð á lögfræðilega þekkingu umsækjandans. Með fjölbreyttri starfsreynslu sé átt við fjölbreytileika starfa, sem umsækjendur hafa sinnt, en ekki síður hve verkefnin, sem þeir hafa fengist við, séu fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá skiptir lögfræðileg þekking umsækjanda ekki máli, ein og sér, þegar mat er lagt á hæfni hans til að gegna embætti dómara í samanburði við aðra umsækjendur, heldur er einnig nauðsynlegt, eftir því sem tók eru á, að meta færni hans til að nýta þá þekkingu við úrlausn dómsmála.

3. Um málsmeðferð dómnefndar

Dómnefndina skipuðu eftirtaldir við meðferð máls þessa: Ása Ólafsdóttir, formaður, Helga Melkorka Óttarsdóttir, Kristín Benediktsdóttir, Reimar Pétursson og Þorgeir Örlygsson. Umsækjendum var sent tölvubréf 2. október 2023 þar sem óskað var eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi framangreindra nefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu fram athugasemdir við sérstakt hæfi þeirra.

Dómnefnd kom saman til undirbúnings málsmeðferðar 25. september 2023. Nefndinni bárust umsóknir til meðferðar 26. sama mánaðar, en samkvæmt 10. gr. reglna nr. 970/2020 reiknast sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar frá þeim degi. Þar er jafnframt tekið fram að sá frestur geti þó orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því, svo sem mikill fjöldi umsækjenda og þess háttar.

Í framangreindri auglýsingu frá 1. september 2023 var meðal annars áskilið að fram kæmu í umsóknum um dómaraembættin upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Vegna þess að skammt var liðið frá því að dómnefnd lagði mat á hæfni Finns Þórs Vilhjálmssonar, Hákonar Þorsteinssonar, Sólveigar Ingadóttur og Stefaníu G. Sæmundsdóttur, sbr. umsögn nefndarinnar 29. júní 2023, og þau gáfu öll upp sömu umsagnaraðila og í það skipti ákvað nefndin að gefa þeim kost á heimila nefndinni að styðjast við fyrri umsagnir um þau. Þau féllust öll á það. Hvað aðra umsækjendur varðar nýtti nefndin heimild 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020 og sendi spurningalista til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem umsagnaraðila. Umsækjendunum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör þeirra og hafði nefndin hliðsjón af öllum þessum umsögnum við endanlegt mat sitt, svo sem nánar verður vikið að í kafla 5.1. hér á eftir.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur 10. og 11. október 2023.

Samkvæmt 8. gr. reglna nr. 970/2020 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 1. nóvember 2023, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til hádegis 6. sama mánaðar. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að fram kæmi svo fljótt sem kostur væri hvort

umsækjendur hygðust gera athugasemdir og þær yrðu þá sendar sem fyrst. Einn umsækjandi óskaði eftir viðbótarfresti til þess að skila athugasemdum og var frestur umsækjenda því lengdur til miðnættis. Athugasemdir bárust frá fimm umsækjendum og voru vegna þeirra gerðar minni háttar breytingar á fyrirbyggjandi drögum að umsögn.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á hæfni umsækjenda og viðmið á grundvelli þeirra meginsjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjendanna. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt að loknu laganámi, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Finnur Þór Vilhjálmsson er fæddur 12. maí 1979 og er því 44 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2007 og öðlaðist sama ár réttindi sem héraðsdómslögmaður. Hann hefur jafnframt sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni. Eftir nám starfaði umsækjandinn sem löglærður fulltrúi á lögmannsstofu til nóvember 2007, en hafði einnig starfað þar samhliða námi. Frá þeim tíma var hann lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis til 2009 er hann gerðist starfsmaður rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna árið 2008. Hann hefur frá árinu 2011 verið starfsmaður sérstaks saksóknara, síðar héraðssaksóknara, fyrst sem saksóknarfulltrúi og síðar aðstoðarsaksóknari og hefur umfangsmikla reynslu af flutningi mála fyrir dómstólum. Frá 2016 hefur hann starfað sem saksóknari, en var í leyfi frá störfum frá september 2016 til apríl 2017 þegar hann var starfsmaður og meðritstjóri skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um þátttöku Hauck & Aufhäuser Privatbank KGaA árið 2003 í kaupum á eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands. Frá og með 28. september 2023 hefur hann verið settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hann var settur varahéraðssaksóknari frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2023. Einnig hefur hann verið settur ríkissaksóknari í tveimur málum auk þess sem ríkissaksóknari hefur falið honum að flytja nokkur mál fyrir Landsrétti. Frá hausti

2020 hefur umsækjandinn verið stundakennari við lagadeild Háskólans í Reykjavík í námskeiðinu auðgunar- og efnahagsbrot og leiðbeinandi með ML-ritgerðum við sömu deild. Þá hefur hann frá vori 2020 verið stundakennari við Háskólann á Bifröst í námskeiðinu efnahags- og skattalagabrot og hafði 2011-2014 umsjón með BA-ritgerðum við lagadeild Háskóla Íslands.

Hákon Þorsteinsson er fæddur 29. desember 1979 og er því 43 ára. Hann lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2006 og meistaraprófi frá sama skóla árið 2008. Umsækjandinn útskrifaðist í júní 2023 með viðbótardíplóma á meistarastigi í opinberri stjórnslu frá Háskóla Íslands. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í janúar 2009 og löggildingu til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali í september 2015. Jafnframt hefur hann sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni. Að loknu laganámi vorið 2008 starfaði umsækjandinn við lögfræðiráðgjöf hjá Kaupþingi banka hf. en því starfi gegndi hann til ársloka 2008. Þá hóf hann störf sem héraðsdómslögmaður hjá lögmannsstofu. Þar starfaði hann fram á vor 2010 er hann varð aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjaness þar sem hann starfaði fram í ársbyrjun 2018. Á árinu 2014 var hann settur héraðsdómari við sama dómstól í þrjá mánuði. Frá 2018 til 2021 var umsækjandi aðstoðarmaður dómara við Landsrétt og settur skrifstofustjóri í tæpa fjóra mánuði árið 2021. Á árinu 2021 var hann settur dómstóri við Héraðsdóm Vestfjarða um tveggja mánaða skeið. Frá september 2021 hefur hann starfað sem lögfræðingur á skrifstofu réttarfars og stjórnslu í dómsmálaráðuneytinu. Þá starfaði hann sem eftirlitsmaður með störfum knattspyrnudómara og framkvæmd knattspyrnuleikja fyrir KSÍ 2013-2018. Umsækjandinn var stundakennari í fjármunarétti og réttarfari við Háskólann á Bifröst 2015-2018. Ennfremur hefur hann verið prófdómari við þann skóla sem og lagadeildir Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands. Hann hefur komið að samningu lagafrumvarpa á sviði réttarfars í starfi sínu í dómsmálaráðuneytinu, setið í starfshópum á vegum dómstólaráðs um stefnumótun héraðsdómstólanna, átt hlut að undirbúningsvinnu fyrir Dómarafélag Íslands vegna setningar siðareglna dómara og var formaður Félags löglerðra aðstoðarmanna dómara í tvö ár.

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir er fædd 27. mars 1984 og er því 39 ára. Hún lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2011 og meistaraprófi frá sama skóla árið

2012. Umsækjandinn útskrifaðist árið 2018 með meistarapróf í Hamfarastjórnun frá heilbrigðisvísindadeild Kaupmannahafnarháskóla og hefur stundað doktorsnám við lagadeild sama skóla á árunum 2019-2023. Hún mun verja doktorsritgerðina í nóvember 2023. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í júní 2013 og hefur jafnframt sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni hérlendis og erlendis. Að loknu laganámi vorið 2012 starfaði umsækjandinn sem löglærður fulltrúi á lögmannsstofu en sem lögmaður á sömu stofu frá júní 2013. Starfaði hún þar í fullu starfi þar til í mars 2016 en frá þeim tíma í hlutastarfi í fjarvinnu í ákveðnum verkefnum fram á vorið 2019. Frá árinu 2019 hefur hún kennt við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla og við lagadeild Háskóla Íslands. Hafa hennar helstu kennslugreinar verið Evrópuréttur, heilbrigðisréttur og velferðarréttur. Hún hefur verið aðjúntkt við lagadeild Háskóla Íslands síðan í maí 2023 og verið í fullu starfi sem rannsakandi við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla frá ágúst 2023. Hún sinnti auk þess stundakennslu við lagadeild Háskólans á Bifröst árin 2014-2015, við lagadeild Háskólans í Reykjavík á árinu 2015 og hefur var gestafræðimaður við lagadeildir Uppsala háskóla og Harvard háskóla á árinu 2022. Jafnframt getur hún um ýmsa fyrirlestra og erindi sem hún hefur flutt hérlendis og erlendis um lögfræðileg efni. Umsækjandinn hefur, ásamt öðrum, ritað þrjár ritrýndar fræðigreinar og einn ritrýndan bókakafla. Á árunum 2012-2015 starfaði umsækjandinn sem lögfræðingur í hlutastarfi fyrir Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna að tveimur rannsóknum. Þá var hún sjálfboðaliði á vegum Samtaka evrópskra lögmannna- og lögfræðingafélaga í flóttamannabúðum í Grikklandi í þrjár vikur árið 2016 og sinnti þar lögfræðilegri ráðgjöf varðandi hælisumsóknir og fjölskyldusameiningu. Haustið 2018 var hún rannsakandi í hlutastarfi við *The Arctic Safety Center* á Svalbarða. Á árunum 2017-2021 sat hún í laganefnd Barnaheilla á Íslandi, hefur setið í tveimur nefndum á vegum Lögmannafélags Íslands og er í hópi alþjóðlegra sérfræðinga um mismunun vegna erfðamengis. Hún sat í stjórn kvenna í lögmennsku 2014-2015 og í stjórn landsnefndar UN Woman á Íslandi 2013-2016. Þá hefur hún setið í stjórn *The Nordic Per Med Law Network* síðan 2021. Auk þess sat hún í aga- og úrskurðarnefnd Körfuknattleikssambands Íslands 2016-2021, þar af um tvö ár sem varaformaður.

Margrét Helga Kristínar Stefánsdóttir er fædd 31. október 1988 og er því 35 ára. Hún lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2010 og meistaraþrófi frá sama skóla í febrúar 2013. Umsækjandinn öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í apríl 2013 og lauk prófi í gerð eignaskiptayfirlýsinga í október 2019. Jafnframt hefur hún sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni. Að loknu laganámi í apríl 2013 starfaði umsækjandinn á lögmannsstofu þar til í ágúst 2016 en í september sama ár hóf hún störf sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjaness og sinnti því starfi til ársloka 2017. Frá byrjun árs 2018 til ágúst 2020 starfaði umsækjandinn sem aðstoðarmaður dómara við Landsrétt og frá september 2020 til september 2021 sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt. Á árinu 2021, frá september til og með nóvember, var hún sett dómari við Héraðsdóm Vestfjarða og gegndi starfi dómstjóra á sama tímabili. Frá desember 2021 starfaði hún sem verkefnastjóri stafrænnar umbreytingar málsmeðferðar fyrir dómstólum hjá dómstólasýslunni og var í því starfi til maí 2023 er hún hóf aftur störf hjá Lagastoð sem lögmaður og verkefnastjóri. Frá því í maí 2023 hefur umsækjandinn verið ritari kærunefndar útboðsmála. Umsækjandinn var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands í réttarfari 2015 og aftur frá hausti 2023. Þá var hún prófdómari í samkeppnisrétti árið 2018 við sömu deild. Umsækjandinn hefur ritað eina ritrýnda grein, sem hún skrifaði ásamt öðrum.

Ólafur Helgi Árnason er fæddur 31. desember 1962 og er því 60 ára. Hann lauk embættisprófi frá Háskóla Íslands í júní 1988 og kennsluréttindanámi frá Kennaraháskóla Íslands árið 2005. Hann hefur sótt ýmis námskeið hérlendis og erlendis. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1993 og sem hæstaréttarlögmaður í maí árið 2008. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi við embætti bæjarfógetans í Kópavogi 1988-1992. Þá starfaði hann hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga á árunum 1992-1994, þegar hann tók til starfa sem lögmaður hjá Samtökum iðnaðarins. Þar starfaði hann til ársins 2002, en einnig sem sérfræðingur hjá Eftirlitsstofnun EFTA, ESA í fjóra mánuði árið 1999. Árið 2002 hóf hann störf hjá Landsbanka Íslands hf. þar sem hann gegndi lögfræðilegum verkefnum. Hann var 2008-2015 skrifstofustjóri á skipulags- og byggingarsviði Hafnarfjarðarbæjar, en í því starfi sinnti hann ýmsum lögfræðistörfum sem bæjarlögmaður hafði á hendi. Frá 2015 hefur hann starfað sem lögmaður hjá embætti

ríkislögmanns og flutt þar fjölda mála á öllum dómstigum. Umsækjandinn sinnti kennslu í lögfræði við ýmsa framhaldsskóla allt frá árinu 1988 til 2022. Þá hefur hann kennt inngang að lögfræði við verkfræðideild Háskóla Íslands í tvo vetur og sá um námskeið um löggildingu iðnmeistara sem haldin voru um land allt á vegum umhverfissráðuneytisins. Hann sat í nefnd sem endurskoðaði lög og reglur um opinber innkaup á árinu 1999 og nefnd sem skilaði af sér frumvarpi sem varð að lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup. Auk þess sat hann í úrskurðarnefnd á vegum Neytendasamtakanna.

Sigurður Jónsson er fæddur 13. febrúar 1956 og er því 67 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1983. Hann hefur sótt ýmis námskeið í lögfræði. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi á árinu 1989 og réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti 1997. Þá öðlaðist hann fasteignasöluréttindi árið 1991. Að loknu lagaprófi hóf hann störf sem dómarafulltrúi og fulltrúi sýslumannsins á Akureyri og starfaði þar fram til ársins 1986 er hann hóf störf sem dómarafulltrú hjá embætti sýslumannsins á Selfossi og starfaði þar fram til ársins 1988. Á árinu 1987 var hann settur sýslumaður í Strandasýslu í sem næst einn og hálfan mánuð og árin 1988-1989 var hann starfsmannastjóri Sláturfélags Suðurlands á Selfossi. Á árunum 1989-1991 var hann aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra en að því loknu hóf hann rekstur eigin lögmannsstofu auk fasteignasölu fram til ársins 2002. Frá 2002 til 2007 annaðist hann rekstur eigin lögmannsstofu og fasteignasölu í Vestmannaeyjum. Frá 2007 til 2012 annaðist hann rekstur eigin lögmannsstofu á Selfossi en starfar nú sem lögmaður á lögmannsstofu sem hann stofnaði ásamt öðrum sem er með starfsstöðvar á fleiri en einum stað. Hefur hann flutt fjölda dómsmála fyrir öllum dómstigum, bæði einkamál og sakamál. Umsækjandinn var formaður yfirúttektarnefndar Árnassýslu árin 1986-1993 og sat í mörgum nefndum á vegum Stjórnarráðs Íslands á árunum 1989-1991. Hann var nefndarmaður í kvörtunarnefnd Félags fasteignasala árin 2003-2008, stjórnarformaður Eyvindartungu ehf. árin 2001-2010, stjórnarformaður í Landssamtökum raforkubænda á Íslandi árin 2005-2010 og hefur verið stjórnarmaður Landssamtaka landeigenda á Íslandi frá árinu 2009. Árið 2018 tók hann sæti í tveimur nefndum samkvæmt 93. gr. laga nr. 15/1998 um

framkvæmd sveitarstjórnarkosninga. Hann hefur alloft verið dómkvaddur sem matsmaður, aðallega til að meta verðmæti fasteigna og gera arðskrár vegna veiði.

Sindri M. Stephensen er fæddur 20. maí 1989 og er því 34 ára. Hann lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2012 og síðan meistaraprófi í maí 2014 frá sama skóla. Hann lauk Mag. jur. gráðu frá Oxford háskóla 2017 og útskrifaðist 2019 með diplómu í opinberri stjórnarsýslu frá stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Þá hefur hann sótt ýmis námskeið hérlandis og erlendis. Hann öðlaðist réttindi til málflytnings fyrir héraðsdómi á árinu 2015 og hlaut alþjóðlega vottun frá International Association of Privacy Professionals á árinu 2018. Að loknu lagaprófi hóf hann störf sem löglerður fulltrúi og síðar lögmaður hjá lögmannsstofu til ágúst 2017, en í hlutastarfi síðasta árið meðfram námi. Frá september 2017 til loka október 2019 starfaði umsækjandinn sem aðstoðarmaður dómara við EFTA-dómstólinn. Umsækjandinn hefur starfað við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá júlí 2019, í nóvember 2019 fékk hann stöðu lektors við deildina og í september 2021 fékk hann framgang í stöðu dósents. Aðalkennslugreinar hans hafa verið almenn lögfræði, sakamálaréttarfar og einkamálaréttarfar. Hann hefur ritað tvær ritrýndar fræðibækur, *Réttarfar Félagsdóms* sem kom út árið 2020 og *Skattaréttur: Meginreglur og málsmedferð* sem kom út á þessu ári. Einnig hefur hann skrifað 20 ritrýndar greinar og bókakafla, þar af átta greinar með öðrum. Auk þess er hann meðhöfundur að kennsluriti í almennri lögfræði við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Jafnframt getur hann um ýmsa fyrirlestra og erindi sem hann hefur flutt hérlandis og erlendis um lögfræðileg efni. Árin 2017-2019 og 2021 sinnti umsækjandinn stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands og var leiðbeinandi BA-ritgerða við sömu deild 2018-2020. Hann sat í þrjúgjá manna nefnd sem samdi nýjar réttarfarsreglur fyrir EFTA-dómstólinn 2017-2019 og hefur sinnt ráðgjafastörfum frá árinu 2019. Hann gegndi störfum ritara kærunefndar útboðsmála 2020-2023, hefur setið í kærunefnd útlendingamála frá desember 2020 og í nefnd um dómaraastörf frá febrúar 2021. Hann var skipaður varamaður varaformanns stjórnar Persónuverndar í júní 2020 en frá október 2021 til mars 2023 gegndi hann störfum varaformanns stjórnarinnar og tók þátt í afgreiðslu allra úrlausnar hennar á því tímabili. Hann hefur verið varamaður í áfrýjunarnefnd neytendamála frá október 2021 og tekið þátt í úrlausn tveggja mála. Í febrúar 2023 var hann settur varadómari í

einu máli við Héraðsdóm Reykjavíkur. Af öðrum aukastörfum má nefna að hann hefur setið í ritnefnd og sinnt ritstjórstörfum, verið forstöðumaður Réttarfarsstofnunar Háskólans í Reykjavík frá 2020 og setið í stjórn Hins norræna félags um réttarfar frá 2022.

Sólveig Ingadóttir er fædd 16. október 1984 og er því 39 ára. Hún lauk BA-prófi 2008 og síðan meistaraþrófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2010. Hún öðlaðist réttindi til að vera héraðsdómslögmaður árið 2011 og réttindi til að starfa sem löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali árið 2015. Þá hefur hún sótt námskeið í lögfræði. Frá árinu 2010 hefur hún starfað sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Suðurlands. Árið 2014 kenndi hún á námskeiði á vegum dómstólaráðs um meðferð sakamála fyrir aðstoðarmenn dómara og ólöglært starfsfólk dómstólanna. Hún sat í stjórn Félags löglærðra aðstoðarmanna dómara á tímabilunum 2011-2015, fyrst sem varaformaður og síðar sem formaður, og aftur í stjórn 2017-2018.

Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir er fædd 13. mars 1967 og er því 56 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1992. Réttindi til málflutnings í héraði öðlaðist hún árið 1997. Þá hefur hún sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni. Að loknu laganámi hóf hún störf sem fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík og starfaði þar til ársins 2000. Í þrjá mánuði á árunum 1996-1997 vann hún í afleysingum á einkamála skrifstofu í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Í tæp tvö ár 2000-2002 starfaði umsækjandinn sem héraðsdómslögmaður á lögmannsstofu. Frá 2002-2004 var hún í 15 mánuði lögfræðingur á ákæru- og lögfræðisviði lögreglustjórans í Reykjavík og fór þar meðal annars með stjórn lögreglurannsókna og saksókn fyrir héraðsdómi. Hún gegndi sama starfi aftur í átta mánuði á árinu 2006. Þá var hún lögfræðingur hjá Tryggingastofnun ríkisins, fæðingarorlofsdeild, frá 2004-2006 í rúmlega tvö ár. Frá janúar 2007 til og með október 2010 starfaði hún sem lögfræðingur hjá úrskurðarnefnd almennatrygginga þar sem hún annaðist undirbúning og samningu úrskurða nefndarinnar vegna kærðra ákvarðana. Í rúmlega eitt ár 2010-2012 starfaði umsækjandinn sem héraðsdómslögmaður á lögmannsstofu auk þess að starfa fyrir úrskurðarnefnd samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, við undirbúning og samning úrskurða nefndarinnar. Frá 1. febrúar 2012 til ársloka 2015 starfaði umsækjandinn sem settur saksóknari við embætti ríkissaksóknara en var

skipuð í embættið frá 1. janúar 2016. Á þessum tíma hefur hún meðal annars flutt fjölda mála á öllum dómstigum sem varða nánast alla brotaflokkka, auk þess að hafa gegnt öðrum störfum innan embættisins. Hefur hún meðal annars stýrt starfshópi er samdi siðareglur fyrir ákærendur. Þá hefur hún frá árinu 2018 annast kennslu á grunnnámskeiðum sem ríkissaksóknari hefur haldið fyrir ákærendur auk annarra námskeiða á vegum embættisins. Á árunum 1994-1998 sat hún þrisvar sinnum í hverfiskjörstjórn, tvisvar við sveitarstjórnakosningar og einu sinni við Alþingiskosningar. Árin 1999-2008 sat hún í úrskurðarnefnd um tæknifriðvögun og á árunum 2001-2019 verið skipuð lögráðamaður nokkurra lögræðissviptra einstaklinga.

5. Mat á hæfni umsækjenda

5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgerði

Í 2. mgr. 29. gr. laga nr. 50/2016 er í sjö töluliðum mælt fyrir um þau almennu hæfisskilyrði sem umsækjendur um embætti héraðsdómara þurfa að uppfylla til að skipa meg þá í embættið. Meðal þessara skilyrða eru að umsækjandi sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu, sbr. 3. tölulið, hafi ekki sýnt af sér háttsemi, sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta, sbr. 5. tölulið, hafi lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraprófi í lögum, sbr. 6. tölulið og kafla 5.2 hér á eftir, og teljist vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar, sbr. 8. tölulið. Eins og áður greinir hefur ráðherra samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 látið staðreyna að umsækjendurnir uppfylli öll þessi hæfisskilyrði.

Í 3. tölulið 4. gr. reglnanna kemur fram að við mat á almennri starfshæfni skuli dómnefnd líta til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá segir einnig að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Svo sem áður greinir var meðal annars áskilið í auglýsingu um dómaraembættin að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þær umsagnir, sem nefndin aflaði hjá þessum umsagnaraðilum um störf umsækjenda og persónulega eiginleika þeirra, voru undantekningalaust jákvæðar í þeirra garð.

Af þessum umsögnum og athugunum nefndarinnar verður ráðið, eins og áður er fram komið, að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður til starfshæfni héraðsdómara samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020.

5 .2. Menntun og framhaldsmenntun

Finnur Þór Vilhjálmsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2007.

Hákon Þorsteinsson lauk BA-prófi og síðan meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2008. Þá lauk hann á þessu ári námi í opinberri stjórnáslu með diplómagraðu við sama skóla.

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir lauk BA-prófi og síðan meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2012. Þá útskrifaðist hún með meistarapróf í Hamfarastjórnun frá heilbrigðisvísindadeild Kaupmannahafnarháskóla árið 2018 og stundaði doktorsnám við lagadeild sama skóla á árunum 2019-2023. Skilaði hún doktorsritgerð sinni í júlí 2023 og hefur doktorsdómnefnd staðfest að vörnin fari fram í nóvember.

Margrét Helga Kristínar Stefánsdóttir lauk BA-prófi og síðan meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2013.

Ólafur Helgi Árnason lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1988 og kennsluréttindanámi frá Kennaraháskóla Íslands árið 2005.

Sigurður Jónsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1983.

Sindri M. Stephensen lauk BA-prófi og síðan meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2014. Þá lauk hann Mag. jur. gráðu frá Oxford háskóla árið 2017 og útskrifaðist með diplóma í opinberri stjórnáslu frá stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands árið 2019.

Sólveig Ingadóttir lauk BA-prófi og síðan meistaraþrófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2010.

Stefanía G. Sæmundsdóttir lauk embættisþrófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1992.

5.2.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Að virtu því, sem að framan greinir, er það mat dómnefndar að *Hrefna Dögg* standi fremst umsækjenda í þessum matsþætti en hún hefur að loknu meistaraþrófi í lögfræði, lagt stund á doktorsnám við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla og lokið meistaraþrófi í Hamfarastjórnun frá heilbrigðisvísindadeild sama skóla. Næstur henni kemur *Sindri* en hann hefur að loknu meistaraþrófi í lögfræði lokið Mag. jur. gráðu frá Oxford háskóla og prófi í opinberri stjórnsýslu með diplómagráðu frá Háskóla Íslands. Á eftir honum kemur *Hákon* en hann hefur lokið prófi í opinberri stjórnsýslu með diplómagráðu frá Háskóla Íslands. Þar á eftir fylgja jafnsett *Finnur Þór*, *Margrét Helga*, *Ólafur Helgi*, *Sigurður*, *Sólveig* og *Stefanía* sem ekki hafa lagt stund á annað eða frekara nám í lögfræði eða skyldum greinum en setið eins og aðrir umsækjendur ýmis önnur stutt lögfræðinámskeið að loknu fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi.

5.3. Reynsla af dómstörfum

Finnur Þór Vilhjálmsson hefur starfað sem settur héraðsdómari frá 28. september 2023.

Hákon Þorsteinsson var aðstoðarmaður héraðsdómara á árunum 2010-2018 og síðan aðstoðarmaður dómara við Landsrétt 2018-2021 eða í samtals um 10 og hálf ár ef frá er talinn sá tími þegar hann var settur héraðsdómari og síðar settur skrifstofustjóri við Landsrétt. Árið 2014 var hann settur héraðsdómari um þriggja mánaða skeið við Héraðsdóm Reykjaness og á árinu 2021 var hann í tvo mánuði settur héraðsdómari og jafnframt dómstjóri við Héraðsdóm Vestfjarða eða í alls fimm mánuði.

Margrét Helga Kristínar Stefánsdóttir var aðstoðarmaður héraðsdómara á árunum 2016-2017, síðan aðstoðarmaður dómara við Landsrétt 2018-2020 og loks

aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt 2020-2021 eða í samtals 5 ár. Á árinu 2021 var hún sett héraðsdómari og jafnframt dómstjóri við Héraðsdóm Vestfjarða um þriggja mánaða skeið.

Ólafur Helgi Árnason starfaði sem dómarafulltrúi hjá bæjarfógetanum í Kópavogi á árunum 1988-1992 þar sem hann dæmdi í munnlega- og skriflega fluttum málum.

Sigurður Jónsson starfaði sem dómarafulltrúi hjá bæjarfógetanum á Akureyri og sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu á árunum 1983-1986 og bæjarfógetanum á Selfossi og sýslumanninum í Árnessýslu 1986-1988.

Sindri M. Stephensen starfaði sem aðstoðarmaður dómara við EFTA-dómstólinn í um tvö ár 2017-2019 og var settur varadómari í einu máli sem rekið var við Héraðsdóm Reykjavíkur á árinu 2023.

Sólveig Ingaóttir hefur verið aðstoðarmaður héraðsdómara frá árinu 2010 eða rúm 13 ár.

Aðrir umsækjendur *Hrefna Dögg Gunnarsdóttir* og *Stefanía G. Sæmundsdóttir* hafa ekki reynslu af dómstörfum.

5.3.1. *Reynsla af dómstörfum – samanburður*

Samkvæmt framansögðu hafa sjö umsækjendur reynslu af dómstörfum. Tveir umsækjendur hafa reynslu af því að hafa verið settir héraðsdómarar auk þess að hafa sinnt störfum aðstoðarmanns dómara á tveimur eða þremur dómstigum, einn umsækjandi hefur verið settur héraðsdómari um skamma stund, annar umsækjandi hefur verið settur héraðsdómari í einu máli auk þess að hafa verið aðstoðarmaður dómara við EFTA-dómstólinn og einn umsækjandi hefur verið aðstoðarmaður héraðsdómara. Loks voru tveir umsækjendur fulltrúar dómara áður en skilið var á milli dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Við mat á hæfni þeirra að því er þennan þátt varðar vegur starf sjálfstæðs starfandi dómara eðli máls samkvæmt umtalsvert þyngra en aðstoðarmanna dómara og fulltrúa þeirra auk þess sem fyrstu starfsárin hafa meira vægi en þau sem á eftir fara. Einnig skiptir máli hversu langt er um liðið síðan störfín voru innt af hendi.

Með skírskotun til þessa stendur *Hákon* fremstur umsækjenda í þessum matsþætti og skiptir þar mestu máli að hann hefur verið sjálfstætt starfandi héraðsdómari, auk þess hann var um árabil aðstoðarmaður héraðsdómara og dómara við Landsrétt. Fast á hæla honum koma *Margrét Helga* og *Sólveig* jafnsettar. *Margrét Helga* hefur verið settur héraðsdómari og starfað sem aðstoðarmaður dómara á öllum dómstigum en *Sólveig* hefur um árabil verið aðstoðarmaður héraðsdómara. Þar á eftir kemur *Ólafur Helgi*, þá *Sigurður*, svo *Sindri* og loks *Finnur Þór*. Aðrir umsækjendur hafa sem fyrr segir ekki reynslu af dómstörfum.

5.4. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum

Finnur Þór Vilhjálmsson öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2007 og starfaði á lögmannsstofu á því ári, fyrst sem fulltrúi en síðan lögmaður, alls í um níu mánaða skeið. Á þeim tíma flutti hann meðal annars fáein mál í héraði, fyrst og fremst einkamál. Frá árinu 2011 eða í rúm 11 ár, ef frá er talið átta mánaða leyfi 2016-2017, hefur hann starfað hjá embættum sérstaks saksóknara og héraðssaksóknara og meðal annars flutt af hálfu embættanna fjölda efnahagsbrotamála af margvíslegum toga, þar á meðal fyrir Hæstarétti og Landsrétti. Einnig hefur hann verið settur ríkissaksóknari í einu máli, sem flutt hefur verið fyrir Landsrétti og snerist um annars konar brot, auk þess sem ríkissaksóknari hefur falið honum að flytja nokkur mál fyrir réttinum.

Hákon Þorsteinsson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2009 og starfaði í um eitt og hálf ár 2009-2010 sem lögmaður á lögmannsstofu. Þar flutti hann meðal annars nokkur mál í héraði, jafnt einkamál sem sakamál.

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2013. Hún starfaði í fullu starfi á lögmannsstofu í tæp fjögur ár á árunum 2012-2016, fyrst sem fulltrúi en sem lögmaður frá 2013 þar sem hún flutti meðal annars nokkur mál í héraði. Á árunum 2016-2019 sinnti hún ákveðnum verkefnum fyrir lögmannsstofuna í fjarvinnu.

Margrét Helga Kristínar Stefánsdóttir öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2013. Hún starfaði á lögmannsstofu í þrjú og hálf ár á

árunum 2013-2016, fyrst sem fulltrúi en sem lögmaður frá maí 2013. Þá hefur hún starfað sem lögmaður frá maí 2023 og hefur hún flutt nokkur mál í héraði.

Ólafur Helgi Árnason öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1993 og fyrir Hæstarétti 2008. Á árabílinu 2002-2008 starfaði hann hjá Landsbanka Íslands hf. þar sem hann flutti fjölda mála í héraði fyrir bankann. Sem skrifstofustjóri hjá Hafnarfjarðarbæ á árunum 2008-2015 flutti hann jafnframt nokkur mál fyrir bæinn og stofnanir hans. Frá 2015 eða í um átta ár hefur hann starfað sem lögmaður hjá embætti ríkislögmanns.

Sigurður Jónsson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1989 og fyrir Hæstarétti 1997. Hann hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá 1991 eða í um 32 ár. Á þeim tíma hefur hann auk annars flutt mikinn fjölda mála af flestum réttarsviðum á öllum dómstigum, jafnt einkamál sem sakamál.

Sólveig Ingadóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2011, en hefur ekki reynslu af lögmanns- eða málflutningsstörfum.

Sindri M. Stephensen öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2015. Hann starfaði í fullu starfi á lögmannsstofu í rúm tvö ár á árunum 2014-2016 og í hlutastarfi í eitt ár til viðbótar og á þeim tíma flutti hann 12 mál í héraði.

Stefanía G. Sæmundsdóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1997. Hún starfaði sem lögmaður á lögmannsstofu á árunum 2000-2002 og síðar á annarri stofu 2010-2012. Lögmannsferill hennar spannar því samtals um þrjú og hálf ár og á þeim tíma flutti hún auk annars nokkur mál í héraði, fyrst og fremst einkamál. Á árunum 2002-2004 og 2006 var hún alls um tveggja ára skeið lögfræðingur á ákæru- og lögfræðisviði lögreglustjórans í Reykjavík og flutti meðal annars í því starfi mál fyrir héraðsdómi. Frá því í ársbyrjun 2012 eða í tæp 12 ár hefur hún starfað hjá embætti ríkissaksóknara þar sem hún hefur flutt mikinn fjölda mála, meðal annars fyrir Hæstarétti og Landsrétti, sem snúist hafa um allar tegundir brota, önnur en efnahagsbrot.

5.4.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður

Allir umsækjendur hafa öðlast réttindi til að flytja mál fyrir dómi en átta þeirra hafa fengist í mislangan tíma við lögmanns- og málflutningsstörf. Við samanburð á

hæfni þeirra vegna reynslu af þessum störfum er lítið til þess hve lengi þeir hafa starfað sem lögmenn, þar á meðal haft réttindi til flutnings mála fyrir æðri dómi, eða sem sækjendur í sakamálum, en hér sem endranær vega fyrstu árin í starfi þyngst. Einnig er horft til þess hvort umsækjendur hafi unnið sjálfstætt að lögmennsstörfum, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn, hvort þeir hafi gert það samhliða öðrum störfum, hversu mörg mál þeir hafa flutt og hvort störfin hafi verið fjölbreytileg þannig að þeir hafi fengist við mál á sem flestum réttarsviðum eða einungis á afmörkuðum sviðum. Jafnframt skiptir máli hvort þeir hafi flutt vandasöm mál fyrir dómi, ekki síst Hæstarétti og Landsrétti, svo og hvort önnur mál, sem þeir hafa fengist við sem lögmenn, hafi verið yfirgripsmikil eða flókin úrlausnar. Reynsla af störfum umsækjenda á lögmennsstofum án þess að þeir hafi haft lögmennsréttindi vegur tiltölulega lítið í þessum þætti mats. Loks er höfð hliðsjón af því við mat á lögmenns- og málflutningsreynslu umsækjenda hvort störfin sem um er að ræða feli jafnframt í sér annars konar starfsreynslu sem fellur ymist undir kafla 5.4. eða 5.7.

Samkvæmt öllu framansögðu stendur *Sigurður* fremstur umsækjenda í þessum matsþætti en hann hefur starfað óslitið sem sjálfstætt starfandi lögmaður og fengist við fjölpætt málflutningsstörf í um 32 ár. Næstur honum kemur *Ólafur Helgi*, sem hefur starfað sem lögmaður hjá embætti ríkislögmanns í um átta ár auk þess að hafa sinnt málflutningsstörfum fyrir Landsbanka Íslands hf. í um sex ár og flutt mál fyrir Hafnarfjarðarbæ og stofnanir hans. Á eftir þeim kemur *Stefanía*, þá *Finnur Þór*, síðan *Hrefna Dögg*, þá *Margrét Helga*, svo *Sindri* og þar á eftir *Hákon*. *Sólveig* hefur sem fyrr segir ekki fengist við lögmenns- eða málflutningsstörf.

5.5. Reynsla af stjórnslustörfum

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Finnur Þór Vilhjálmsson starfaði hjá umboðsmanni Alþingis 2007-2009 eða í um tvö ár. Árið 2011 hóf hann störf hjá embætti sérstaks saksóknara, fyrst sem saksóknarfulltrúi og síðan 2014-2015 sem aðstoðarsaksóknari. Hann varð saksóknari við embætti héraðssaksóknara í ársbyrjun 2016 og var settur varahéraðssaksóknari í

tvö mánuði 2022-2023. Þá hefur hann verið settur ríkissaksóknari til að fara með tvö mál. Hann hefur því komið að margvíslegum stjórnsýslumálum í rúm 13 ár.

Hákon Þorsteinsson var settur skrifstofustjóri Landsréttar í tæpa fjóra mánuði á fyrri hluta árs 2021. Frá hausti 2021 hefur hann starfað sem lögfræðingur á skrifstofu réttarfars og stjórnsýslu í dómsmálaráðuneytinu.

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir hefur ekki fengist við störf sem falla undir þennan matsþátt.

Margrét Helga Kristínar Stefánsdóttir hefur verið ritari kærunefndar útboðsmála frá maí 2023.

Ólafur Helgi Árnason var fulltrúi bæjarfógeta á árunum 1988-1992. Árin 2008-2015 eða í um sjö ár var hann skrifstofustjóri hjá Hafnarfjarðarbæ.

Sigurður Jónsson var fulltrúi bæjarfógeta og sýslumanns á árunum 1983-1986 og síðan sýslumannsfulltrúi 1986-1988. Hann var settur sýslumaður í einn og hálfan mánuð á árinu 1987. Þá var hann aðstoðarmaður dómsmálaráðherra um tveggja ára skeið 1989-1991 og sat í ýmsum nefndum á vegum Stjórnarráðsins í tengslum við það starf. Hann var formaður yfirúttektarnefndar 1986-1993. Þá átti hann sæti í nefndum til að úrskurða um gildi sveitarstjórnarkosninga í tveimur sveitarfélögum árið 2018.

Sindri M. Stephensen hefur setið í kærunefnd útlendingamála frá desember 2020, í nefnd um dómastörf frá febrúar 2021 og verið varamaður í áfrýjunarnefnd neytendamála frá október 2021 þar sem hann hefur tekið þátt í úrlausn tveggja mála. Hann gegndi störfum varaformanns stjórnar Persónuverndar frá október 2021 til mars 2023 og tók þátt í afgreiðslu allra úrlausnar hennar á því tímabili. Þá var hann ritari kærunefndar útboðsmála 2020-2023.

Sólveig Ingaðóttir hefur ekki fengist við störf sem falla undir þennan matsþátt.

Stefanía G. Sæmundsdóttir var fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík á árunum 1992-2000, en starfaði um þriggja mánaða skeið sem lögfræðingur á einkamála-skrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í leyfi frá starfi sínu hjá sýslumanni 1996-1997. Hún var lögfræðingur hjá Tryggingastofnun ríkisins 2004-2006 og starfaði síðan sem lögfræðingur hjá úrskurðarnefnd almannatrygginga 2007-2010. Á árunum 2002-2004 og 2006 var hún samtals um tveggja ára skeið lögfræðingur á ákæru- og lögfræðisviði lögreglustjórans í Reykjavík. Frá árinu 2012 hefur hún gegnt starfi

saksóknara við embætti ríkissaksóknara. Þá átti hún á árunum 1999-2008 sæti í úrskurðarnefnd samkvæmt lögum nr. 55/1996 um tæknifrjövgun. Samhliða lögmansstörfum 2010-2012 starfaði hún enn fremur fyrir úrskurðarnefnd sem þá starfaði samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Hún hefur því fengist við mjög fjölbreytt stjórnslustörf í nærfellt 29 ár.

5.5.1. *Reynsla af stjórnslustörfum – samanburður*

Í þessum þætti hæfnismats hafa sjö umsækjendur greint frá störfum sem geta falið í sér reynslu af stjórnslustörfum. Í sumum tilvikum hafa þau viðfangsefni, sem hér um ræðir, verið innt af hendi samhliða aðalstarfi og vega þar af leiðandi ekki eins þungt þegar hæfni á þessu sviði er metin. Við það mat skiptir enn fremur máli hvort störfin nýtast dómaraefni sérstaklega, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020, svo sem seta í úrskurðarnefndum eða vinna fyrir þær. Störf ákæranda eru í eðli sínu stjórnslustörf, enda þótt taka verði tillit til þess að þau fela einnig í sér málflutning fyrir dómi sem fellur undir kafla 5.4. Þá verður á sama hátt að hafa hliðsjón af því að störf dómarafulltrúa fyrir aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði voru þess eðlis að þau gátu bæði verið fólgin í dóm- og stjórnslustörfum. Eins og endranær verður litið til framangreindra starfa og þeim gefið vægi eftir eðli sínu, umfangi og fjölbreytni. Jafnframt verður horft til lengdar starfstíma þar sem fyrstu árin vega þyngst, en einnig þess hversu langt er síðan störfin voru innt af hendi.

Að þessu öllu virtu stendur *Stefanía* fremst umsækjenda í þessum þætti mats. Eins og að framan greinir á hún að baki um 29 ára reynslu af margvíslegum stjórnslustörfum, meðal annars hefur hún átt sæti í úrskurðarnefnd innan stjórnslunnar um níu ára skeið og verið starfsmaður tveggja slíkra úrskurðarnefnda þar sem hún hefur gert drög að úrskurðum þeirra. Er þá meðtalin reynsla hennar af því að hafa verið ákærandi á tveimur stjórnslustigum við að sinna rannsókn sakamála, taka ákvörðun um saksókn að henni lokinni og fást við önnur störf, að málflutningi undanskildum, en taka ber tillit til þess að sá þáttur í starfi hennar sem ákæranda er metinn til stiga í kafla 5.4. Á eftir henni kemur *Finnur Þór*, þá *Ólafur Helgi*, síðan *Sindri*, svo *Sigurður*, þar á eftir *Hákon* og loks *Margrét Helga*. Sem fyrr segir hafa *Hrefna Dögg* og *Sólveig* ekki fengist við störf sem falla undir þennan kafla.

5.6. *Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

5.6.1. *Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf*

Finnur Þór Vilhjálmsson hafði á árunum 2011-2014 umsjón með BA-ritgerðum við lagadeild Háskóla Íslands. Frá hausti 2020 hefur hann verið stundakennari við lagadeild Háskólans í Reykjavík, jafnframt því sem hann hefur verið leiðbeinandi með ML-ritgerðum og prófdómari með tveimur BA-ritgerðum við sömu deild. Frá sama tíma hefur hann verið stundakennari við Háskólann á Bifröst. Í umsókn sinni tekur hann fram að framangreind kennsla og umsjón með ritgerðum hafi verið á sviði refsiréttar og sakamálaréttarfars.

Hákon Þorsteinsson var stundakennari í fjármunarétti og réttarfari við Háskólann á Bifröst á árunum 2015-2018 og lætur þess jafnframt getið í umsókn sinni að hann hafi verið prófdómari lokaritgerða á sviði skaðabótaréttar og réttarfars í meistaranámi við þann skóla til 2021, svo og við lagadeild Háskóla Íslands 2020. Ennfremur var hann prófdómari í sakamálaréttarfari við lagadeild Háskólans í Reykjavík 2017.

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir hefur kennt við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla og við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2019. Hún hefur verið aðjúntk við lagadeild Háskóla Íslands síðan í maí 2023 og verið í fullu starfi sem rannsakandi við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla frá ágúst 2023. Hafa hennar helstu kennslugreinar verið Evrópuréttur, heilbrigðisréttur og velferðarréttur. Hún sinnti auk þess stundakennslu við lagadeild Háskólans á Bifröst árin 2014-2015, við lagadeild Háskólans í Reykjavík á árinu 2015 og hefur var gestafræðimaður við lagadeildir Uppsala háskóla og Harvard háskóla á árinu 2022.

Margrét Helga Kristínar Stefánsdóttir er stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands, annars vegar í einkamálaréttarfari og hins vegar í námskeiðinu Hlutverk dómara og lögmanna. Við sömu deild var hún einnig stundakennari í einkamálaréttarfari haustið 2015 og prófdómari í samkeppnisrétti árið 2018.

Ólafur Helgi Arnason hefur sem stundakennari sinnt kennslu í lögfræði við verkfræðideild Háskóla Íslands í tvo vetur.

Sigurður Jónsson hefur hvorki kennt á háskólastigi né fengist við önnur sambærileg störf.

Sindri M. Stephensen hefur starfað við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá júlí 2019, sem lektor frá nóvember 2019 og síðar sem dósent frá september 2021. Aðalkennslugreinar hans hafa verið almenn lögfræði, sakamálaréttarfar og einkamálaréttarfar. Árin 2017-2019 og 2021 sinnti umsækjandinn stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands og var leiðbeinandi BA-ritgerða við sömu deild 2018-2020.

Sólveig Ingadóttir kenndi á árinu 2014 sakamálaréttarfar á námskeiði á vegum dómstólaráðs sem ætlað var meðal annars löglærðum aðstoðarmönnum dómara.

Stefanía G. Sæmundsdóttir hefur frá árinu 2018 annast kennslu á grunnnámskeiðum sem ríkissaksóknari hefur haldið fyrir ákærendur.

5.6.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Samkvæmt framansögðu stendur *Sindri* fremstur á því sviði sem hér um ræðir. Næst honum kemur *Hrefna Dögg*, þá *Finnur Þór*, síðan *Hákon* og svo *Margrét Helga* en þau hafa öll fengist við lagakennslu á háskólastigi. Þar á eftir fylgir *Ólafur Helgi* og loks jafnsettar *Sólveig* og *Stefanía*. Sem fyrr segir hefur *Sigurður* ekki fengist við kennslu á háskólastigi eða önnur akademísk störf.

5.6.2. Fræðibækur og -greinar o.fl.

Finnur Þór Vilhjálmsson hefur flutt einn fræðilegan fyrirlestur um lögfræðilegt efni.

Hákon Þorsteinsson hefur flutt tvo fyrirlestra um lögfræðileg efni.

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir hefur ritað þrjár ritrýndar fræðigreinar og einn ritrýndan bókakafla ásamt öðrum. Auk þess hefur hún flutt fyrirlestra og erindi um lögfræðileg efni hérlendis og erlendis.

Margrét Helga Kristínar Stefánsdóttir hefur ritað eina ritrýnda grein ásamt öðrum auk þess að hafa flutt erindi og kynningar um lögfræðileg efni.

Sindri M. Stephensen hefur ritað tvær ritrýndar fræðibækur, *Réttarfar Félagsdóms* sem kom út árið 2020 og *Skattaréttur: Meginreglur og málsmeðferð* sem kom út á þessu ári. Einnig hefur hann skrifað 20 ritrýndar greinar og bókakafla, þar af átta

greinar með öðrum. Auk þess er hann meðhöfundur að kennsluriti í almennri lögfræði við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Jafnframt hefur hann flutt fyrirlestra og erindi héraðs og erlendis um lögfræðileg efni.

Aðrir umsækjendur, *Ólafur Helgi Árnason, Sigurður Jónsson, Sólveig Ingaóttir og Stefanía G. Sæmundsdóttir*, tilgreina ekki í umsóknum sínum framlög sem falla hér undir.

5.6.2.1. Fræðibækur og -greinar o.fl. – samanburður

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli fræðiskrifa þeirra, fyrst og fremst fræðigreina, og annarra skrifa um lögfræðileg efni. Við matið er litið til gæða þeirra og jafnframt til fjölda, umfangs og fjölbreytni, auk þess sem horft er til hvort hlutaðeigandi umsækjandi hafi ritað efnið einn eða í samvinnu við aðra. Þá er loks höfð hliðsjón af fyrirlestrum, sem umsækjendur hafa flutt um lögfræðileg efni á ráðstefnum, fundum eða öðrum áþekktum vettvangi. Síðastnefndi þátturinn er þó tiltölulega léttvægur í samanburði við fræðiskrif.

Að þessu virtu stendur *Sindri* fremstur umsækjenda í þessum þætti mats. Næstur honum kemur *Hrefna Dögg*, þar á eftir *Margrét Helga* og loks jafnsettir *Finnur Þór* og *Hákon*. Aðrir umsækjendur hafa sem fyrr greinir ekki fengist við ritstörf eða annað sem fellur undir þennan matsþátt.

5.7. Reynsla af stjórnun

Finnur Þór Vilhjálmsson var settur varahéraðssaksóknari um þriggja mánaða skeið á árunum 2022-2023 og sat í stjórn Ákærrendafélags Íslands árin 2017-2023, þar af sem varaformaður frá árinu 2019.

Hákon Þorsteinsson var settur dómstjóri við Héraðsdóm Vestfjarða í tvo mánuði á árinu 2021. Jafnframt var hann framan af árinu settur skrifstofustjóri Landsréttar í tæpa fjóra mánuði. Þá var hann formaður Félags löglærðra aðstoðarmanna dómara um tveggja ára skeið.

Margrét Helga Kristínar Stefánsdóttir var settur dómstjóri við Héraðsdóm Vestfjarða í þrjá mánuði á árinu 2021.

Ólafur Helgi Árnason var skrifstofustjóri hjá Hafnarfjarðarbæ á árunum 2008-2015. Þá hefur hann verið formaður í deild íþróttafélags.

Sigurður Jónsson hefur stofnað og staðið fyrir rekstri þriggja lögmannsstofa frá árinu 1991. Hann var settur sýslumaður í einn og hálfan mánuð á árinu 1987 og starfsmannastjóri hjá einkafyrirtæki 1988-1989. Þá var hann formaður yfirúttektarnefndar 1986-1993, stjórnarformaður einkahlutafélags 2001-2010 og stjórnarformaður Landssamtaka raforkubænda á Íslandi 2005-2010.

Sindri M. Stephensen hefur verið forstöðumaður Réttarfarsstofnunar Háskólans í Reykjavík frá árinu 2020 og gegndi störfum varaformanns stjórnar Persónuverndar frá október 2021 til mars 2023.

Sólveig Ingaðóttir sat á árunum 2011-2015 og 2017-2018 í stjórn Félags löglærðra aðstoðarmanna, ýmist sem formaður eða varaformaður.

Aðrir umsækjendur, *Hrefna Dögg Gunnarsdóttir* og *Stefanía G. Sæmundsdóttir*, geta ekki í umsóknum sínum um nein störf, sem falið hafa í sér reynslu af stjórnun, ef frá er talin stjórn á rannsókn sakamála sem telst til stjórnsýslureynslu, sbr. kafla 5.5.

5.7.1. *Reynsla af stjórnun – samanburður*

Í þessum þætti kemur til skoðunar reynsla umsækjenda af margvíslegum viðfangsefnum sem eiga það öll sameiginlegt að hafa falið í sér stjórnun í einni eða annarri mynd. Við mat á hæfni umsækjenda er litið til þess í hverju slík störf hafa verið fólgin, þar á meðal hversu góður undirbúningur felst í þeim fyrir starf héraðsdómara. Þá skiptir sömuleiðis máli hve lengi umsækjendur hafa sinnt slíkum störfum þar sem fyrstu árin vega sem endranær mun þyngra en árin sem á eftir fara.

Að því virtu telst *Sigurður* standa fremstur umsækjenda í þessum matsþætti, en hann hefur staðið fyrir rekstri lögmannsstofu um meira en 30 ára skeið og sinnt öðrum stjórnunarstörfum. Næstur honum kemur *Ólafur Helgi*, þar á eftir *Sindri*, þá *Hákon* og svo *Margrét Helga*. Loks koma jafnsett *Finnur Þór* og *Sólveig* sem búa yfir takmarkaðri stjórnunarreynslu. Aðrir umsækjendur hafa sem fyrr segir ekki slíka reynslu.

5.8. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.

Hér á eftir verða rakin önnur helstu störf og verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við og nýtast myndu þeim í dómaraembætti að mati dómnefndar, enda hafi þeirra ekki áður verið getið, svo sem í köflum 5.5. og 5.7. Einungis verða tekin til mats þau framlög sem umsækjendur hafa vísað til í umsóknum sínum eða eftir atvikum látið fylgja þeim.

Finmur Þór Vilhjálmsson varð samhliða störfum sínum hjá umboðsmanni Alþingis árið 2009 starfsmaður rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og frá lokum ársins og fram eftir árinu 2010 varð það aðalstarf hans. Hann var síðar um átta mánaða skeið 2016-2017 í fullu starfi starfsmaður rannsóknarnefndar þingsins um þátttöku erlends banka í kaupum á eignarhlut íslenska ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. 2003. Auk þess hefur hann í tvígang sinnt ráðgjöf til nefnda Alþingis, meðal annars með skriflegri samantekt til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um samanburð á gögnum og upplýsingum vegna sölu á hlutum ríkisins í Fjárfestingabanka atvinnulífsins hf., Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Hákon Þorsteinsson starfaði í liðlega sex mánuði sem lögfræðingur hjá Kaupþingi banka hf. á árinu 2008. Sem starfsmaður í dómsmálaráðuneytinu hefur hann nýverið komið að samningu þriggja frumvarpa um breytingar á réttarfarslögum og hafa tvö þeirra verið samþykkt sem lög. Einnig hefur hann setið í starfshópum á vegum dómstólaráðs um stefnumótun héraðsdómstólanna og komið að undirbúningi að setningu siðareglna dómara. Þá var hann eftirlitsmaður með störfum knattspyrnudómara og framkvæmd knattspyrnuleikja fyrir KSÍ 2013-2018.

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir starfaði í hlutastarfi fyrir Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna að tveimur rannsóknum á árunum 2012-2015 og var sjálfbóðaliði á vegum Samtaka evrópskra lögmanna- og lögfræðingafélaga í flóttamannabúðum í Grikklandi í þrjár vikur árið 2016. Haustið 2018 var hún rannsakandi í hlutastarfi við *The Arctic Safety Center* á Svalbarða. Á árunum 2017-2021 sat hún í laganefnd Barnaheilla á Íslandi og hún hefur setið í tveimur nefndum á vegum Lögmannafélags Íslands. Hún er í hópi alþjóðlegra sérfræðinga um mismunun vegna erfðamengis og vinnuhóp um réttlæti á norðurheimskautinu. Þá sat hún í aga- og úrskurðarnefnd

Körfuknattleikssambands Íslands 2016-2021, þar af um tvö ár sem varaformaður. Auk þess sat hún í stjórn kvenna í lögmennsku árin 2014-2015 og í stjórn landsnefndar UN Woman á Íslandi 2013-2016. Þá hefur hún setið í stjórn *The Nordic Per Med Law Network* síðan 2021.

Margrét Helga Kristínar Stefánsdóttir starfaði sem verkefnastjóri stafrænnar umbreytingar málsmeðferðar fyrir dómstólum hjá dómstólasýslunni í eitt og hálf ár frá 2021 til 2023. Sem starfsmaður í dómstólasýslunni sat hún í vinnuhópi á vegum dómsmálaráðuneytisins sem vann tillögur að reglum um birtingar af hálfu dómstóla, lögreglu og ákærvalds í stafrænu pósthólfi stjórnvalda.

Ólafur Helgi Árnason starfaði sem lögfræðingur hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga á árunum 1992-1994 og síðan hjá Samtökum iðnaðarins 1994-2002. Þá starfaði hann um fjögurra mánaða skeið árið 1999 hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Hann átti sæti í nefnd, sem hafði það hlutverk að endurskoða þágildandi lög um opinber innkaup, og leiddi starf hennar til þess að samið var frumvarp til nýrra laga um það efni. Hann sat einnig í nefnd sem skilaði af sér drögum að frumvarpi til laga nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Sigurður Jónsson átti á árunum 2003-2008 sæti í kvörtunarnefnd Félags fasteignasala. Þá situr hann í stjórn Landssamtaka landeigenda á Íslandi.

Sindri M. Stephensen sat í þriggja manna nefnd sem samdi nýjar réttarfarsreglur fyrir EFTA-dómstólinn 2017-2019 og kom að samningu og samþykkti reglur um málsmeðferð Persónuverndar frá 21. október 2021. Hann hefur setið í stjórn Hins norræna félags um réttarfar frá árinu 2022

Sólveig Ingadóttir greinir ekki í umsókn sinni frá neinu sem getur fallið hér undir og ekki hefur áður verið getið.

Stefanía G. Sæmundsdóttir hefur stýrt starfshópi er samdi siðareglur fyrir ákærendur.

5.8.1. *Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður*

Eins og áður greinir koma einungis til álita við mat á hæfni umsækjenda í þessum þætti þau störf, sem ekki hafa verið felld undir aðra matsþætti, svo sem stjórnsýslustörf eða stjórnun, enda geti þau að mati dómnefndar varpað ljósi á hæfni

þeirra til að gegna embætti héraðsdómara. Ef um er að ræða aðalstarf umsækjanda vegur það eðli máls samkvæmt þyngra en aukastörf sem innt eru af hendi samhliða öðrum störfum svo sem aðkoma starfsmanna ráðuneyta að gerð lagafrumvarpa.

Sé litið til starfa umsækjenda sem falla hér undir stendur *Ólafur Helgi* fremstur umsækjanda á þessu sviði vegna starfa sinna fyrir Lífeyrissjóð verkfræðinga og Samtaka iðnaðarins að aðalstarfi í áratug. Næst honum kemur *Hrefna Dögg*, þá *Finnur Þór* og svo *Hákon*. Þar á eftir koma *Margrét Helga* og *Sindri* og verður ekki gert upp á milli þeirra tveggja í þessum matshluta og loks jafnsett *Sigurður* og *Stefanía*. Sem fyrr segir hefur *Sólveig* ekki greint frá neinu í umsókn sinni sem fellur undir þennan þátt mats.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020 segir meðal annars að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu. Einnig verði hann að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu

Hvað þennan þátt hæfnismats varðar hafa umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli, þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu, hver sé reynsla hans af dóms- og málflutningsstörfum. Ennfremur hvert sé framlag hans í formi kennslu á háskólastigi og fræðiskrifa á sviði réttarfars sem og aðkoma hans að samningu lagafrumvarpa á því sviði, enda séu síðastnefndu framlögin veruleg.

Það er álit dómnefndar að allir umsækjendur hafi með námi sínu og störfum öðlast nægilegt vald á réttarfarsreglum til að geta sinnt störfum héraðsdómara. Að því sögðu er það niðurstaða nefndarinnar að ekki séu efni til að gera upp á milli umsækjanda hvað þennan matsþátt varðar.

5.9.2. *Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi*

Dómnefnd telur að ályktun um þessi atriði verði einkum dregin af þeim störfum sem umsækjendur hafa gegnt á liðnum árum. Með tilliti til þeirra, svo og af því sem fram kom í viðtölum við umsækjendur, lítur nefndin svo á að þeir séu hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál, sem þeim eru fengin, bæði skjótt og vel.

6. Færni umsækjenda til að semja dóma

Í 4. gr. reglna nr. 970/2020 er meðal annars vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Ennfremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann um að kveða upp dóm eða úrskurð í dómsmáli. Dómsúrlausnir hans og stjórnarsýsluúrskurðir sem og málflutningsskjöl á borð við greinargerðir geta auk annars veitt vísbendingar um hversu vel hann er að sér þegar kemur að því að beita réttarheimildum og skýra lög sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi ætti með að reifa í stuttu máli og um leið með fullnægjandi hætti málsatvik og ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði, sbr. d- og f-liði 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og d-, f- og g-liði 2. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. einnig dóma Hæstaréttar 19. desember 2017 í málum nr. 591/2017 og 592/2017. Hefur nefndin lagt áherslu á það sjónarmið í mati sínu að horfa til færni umsækjenda til að nýta lögfræðilega þekkingu sína og starfsreynslu við úrlausn dómsmála. Í samræmi við þetta hefur dómnefnd lagt sérstakt og rökstutt mat á færni hvers og eins umsækjendanna níu til að semja dóma. Hefur verið horft til þeirra framlaga sem fylgdu umsóknum þeirra og annarra gagna, sem aðgengileg eru, svo sem heimilt er samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020.

Vegna þess að starfsreynsla umsækjenda er ólík innbyrðis hefur dómnefnd þurft að beita mismunandi aðferðum í þessum hluta matsins. Í tilviki þriggja umsækjenda valdi nefndin til skoðunar í tveimur tilvikum sex og í einu tilviki fimm dómsúrlausnir þar sem reyndi á færni til að beita kunnáttu á sem flestum réttarsviðum. Með áþekkingum hætti voru teknar til skoðunar greinargerðir, önnur málflutningsskjöl eða ákvarðanir þeirra umsækjenda sem starfað hafa nýverið sem lögmenn eða saksóknarar og flutt mál fyrir æðri dómi. Fyrir valinu urðu málflutningsskjöl í málum sem þeir hafa flutt fyrir Hæstarétti eða eftir atvikum Landsrétti og dregnar af þeim rökstuddar ályktanir um færni þeirra hvers um sig til að semja dóma. Þrír umsækjenda hafa styttri lögmannsreynslu og var þar með sama hætti horft til þriggja málflutningsskjala í einu tilviki en eitt skjal valið í tilviki tveggja. Einnig var farið yfir bækur, bókarkafla og fræðigreinar þriggja umsækjenda og var jafnframt lagt mat á færni þeirra til að semja dóma á grundvelli þessara framlaga.

Við þennan hluta matsins var sjónum einkum beint að því hvernig umsækjendum hefur tekist að nýta þá lögfræðilegu þekkingu, sem þeir búa yfir, við að greina álitaefnin sem um var að ræða og eftir atvikum að leysa úr þeim. Þegar borin er saman færni einstakra umsækjenda til að semja dóma var jafnframt litið til þess hversu fjölbreytt lögfræðileg úrlausnarefni þeir hafa fengist við, sér í lagi hin síðari ár, og hversu flókin úrlausnar þau hafa verið. Loks hefur sem fyrr segir verið höfð hliðsjón af öðrum skrifum umsækjenda um lögfræðileg efni.

Niðurstaða þessa mats dómnefndar er að *Finnur Þór Vilhjálmsson, Ólafur Helgi Árnason, Sindri M. Stephensen og Stefanía G. Sæmundsdóttir* í stafrófsröð talin væru færust umsækjenda til að semja dóma. Því til stuðnings er meðal annars vísað til málflutningsskjala *Finns Þórs*, sem tekin voru til skoðunar samkvæmt framansögðu og áralangrar reynslu hans af flutningi sakamála sem sum hafa verið flókin úrlausnar í lögfræðilegum skilningi. Hinu sama gegnir um umsækjandann *Ólaf Helga* meðal annars með vísan til greinargerða hans sem hann hefur samið á löngum lögmannsferli nú síðast hjá embætti ríkislögmanns en sum þeirra mála sem hann hefur flutt hafa verið flókin úrlausnar í lögfræðilegum skilningi. Þá hefur umsækjandinn *Sindri* einkum þegar horft er til framlags hans til rannsókna á sviði lögfræði og starfsreynslu að öðru leyti, sýnt fram á færni til að semja dóma. Einnig hefur umsækjandinn *Stefanía*

með hliðsjón af málflytningsskjölum hennar sýnt fram á færni til að semja dóma, en hún hefur á löngum ferli komið að flytningi fjölda mála á öllum dómstigum sem hafa sum hver verið flókin úrlausnar í lögfræðilegum skilningi. Standa þessi fjögur því fremst umsækjenda að þessu leyti.

7. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hverjir umsækjenda séu hæfastir, tveir eða fleiri, til að gegna þeim tveimur embættum héraðsdómara sem hér er fjallað um. Að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín samkvæmt 4. gr. reglna nr. 970/2020. Sjónarmiðin hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum.

Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu og, eftir því sem kostur er, hlutlægu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að þeir hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum héraðsdómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmanns- og málflytningisstörfum og þeim stjórnsýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hefur þýðingu hvort þau verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við séu fjölbreytt svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum. Þá vegur reynsla af fyrstu starfsárum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi þannig að síður verður gert upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki. Þótt farsæl starfsreynsla gefi mikilsverðar vísbendingar um hæfni umsækjanda koma önnur atriði ekki síður til álita, þá einkum færni við lögfræðilega greiningu á álitamálum sem leysa þarf úr fyrir dómi.

Ef litið er til þeirra matsþátta sem fjallað er um í köflum 5.2. – 5.9. þar sem reynsla af dómstörfum, lögmanns- og málflytningisstörfum og stjórnsýslustörfum vega þyngst og hafa jafn mikið vægi hver þáttur um sig og matsþættirnir allir virtir í heild er það niðurstaða dómnefndar að *Ólafur Helgi Árnason* standi fremstur umsækjenda í þeim matshluta, en þar á eftir komi *Finnur Þór Vilhjálmsson*, *Sigurður Jónsson*, *Sindri M. Stephensen* og *Stefanía G. Sæmundsdóttir* og verður ekki gert upp á

milli þeirra hvað þennan matsþátt varðar. Við matið er ekki aðeins litið til þess hve þau störf sem umsækjendur hafa sinnt eru fjölbreytt heldur ekki síður hve verkefni sem þeir hafa fengist við í sama starfi eru margbreytileg. Þá er það jafnframt álit dómnefndar, eins og gerð er grein fyrir í kafla 6, að *Finnur Þór Vilhjálmsson, Ólafur Helgi Árnason, Sindri M. Stephensen og Stefanía G. Sæmundsdóttir* hafi með framlögum sínum sýnt mesta færni umsækjenda til að semja dóma.

Að virtum öllum framangreindum matsþáttum sem og með skírskotun til alls þess sem áður greinir og fram hefur komið meðal annars í viðtölum við umsækjendur og umsögnum um þá er það niðurstaðan af heildstæðu mati dómnefndar að *Ólafur Helgi Árnason* standi fremstur umsækjenda til að gegna embætti héraðsdómara. Er þá horft til þess að hann býr að löngum og farsælum lögmannsferli og fjölbreyttri starfsreynslu á öðrum vettvangi meðal annars á sviði stjórnsýslu. Næst honum koma *Finnur Þór Vilhjálmsson, Sindri M. Stephensen og Stefanía G. Sæmundsdóttir* og verður ekki gert upp á milli þeirra þriggja.

Ólafur Helgi Árnason öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1993 og sem hæstaréttarlögmaður í maí árið 2008. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi við embætti bæjarfógetans í Kópavogi 1988-1992. Þá starfaði hann hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga á árunum 1992-1994, þegar hann tók til starfa sem lögmaður hjá Samtökum iðnaðarins. Þar starfaði hann til ársins 2002, en einnig sem sérfræðingur hjá Eftirlitsstofnun EFTA, ESA í fjóra mánuði árið 1999. Árið 2002 hóf hann störf hjá Landsbanka Íslands hf. þar sem hann gegndi lögfræðilegum verkefnum. Hann var 2008-2015 skrifstofustjóri á skipulags- og byggingarsviði Hafnarfjarðarbæjar, en í því starfi sinnti hann ýmsum lögfræðistörfum sem bæjarlögmaður hafði á hendi. Frá 2015 hefur hann starfað sem lögmaður hjá embætti ríkislögmanns og flutt þar fjölda mála á öllum dómstigum. Umsækjandinn sinnti kennslu í lögfræði við ýmsa framhaldsskóla allt frá árinu 1988 til 2022. Þá hefur hann kennt inngang að lögfræði við verkfræðideild Háskóla Íslands í tvo vetur og sá um námskeið um löggildingu iðnmeistara sem haldin voru um land allt á vegum umhverfisráðuneytisins. Hann sat í nefnd sem endurskoðaði lög og reglur um opinber innkaup á árinu 1999 og nefnd sem skilaði af sér frumvarpi sem varð að lögum nr.

42/2000 um þjónustukaup. Auk þess sat hann í úrskurðarnefnd á vegum Neytendasamtakanna.

Finnur Þór Vilhjálmsson öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2007. Eftir nám starfaði hann sem löglærður fulltrúi á lögmannsstofu til nóvember 2007 en frá þeim tíma lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis til 2009 er hann gerðist starfsmaður rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna árið 2008. Hann hefur frá árinu 2011 verið starfsmaður sérstaks saksóknara, síðar héraðssaksóknara, fyrst sem saksóknarfulltrúi og síðar aðstoðarsaksóknari og hefur umfangsmikla reynslu af flutningi mála fyrir dómstólum. Frá 2016 hefur hann starfað sem saksóknari, en var í leyfi frá störfum frá september 2016 til apríl 2017 þegar hann var starfsmaður og meðritstjóri skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um þátttöku Hauck & Aufhäuser Privatbank KGaA árið 2003 í kaupum á eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands. Frá og með 28. september 2023 hefur hann verið settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hann var settur varahéraðssaksóknari frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2023. Einnig hefur hann verið settur ríkissaksóknari í tveimur málum auk þess sem ríkissaksóknari hefur falið honum að flytja nokkur mál fyrir Landsrétti. Frá hausti 2020 hefur umsækjandinn verið stundakennari við lagadeild Háskólans í Reykjavík og leiðbeinandi með ML-ritgerðum við sömu deild. Þá hefur hann frá vori 2020 verið stundakennari við Háskólann á Bifröst og hafði 2011-2014 umsjón með BA-ritgerðum við lagadeild Háskóla Íslands.

Sindri M. Stephensen lauk Mag. jur. gráðu frá Oxford háskóla 2017 og útskrifaðist 2019 með diplómu í opinberri stjórnsýslu frá stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi á árinu 2015 og hlaut alþjóðlega vottun frá International Association of Privacy Professionals á árinu 2018. Að loknu lagaprófi hóf hann störf sem löglærður fulltrúi og síðar lögmaður hjá lögmannsstofu til ágúst 2017, en í hlutastarfi síðasta árið meðfram námi. Frá september 2017 til loka október 2019 starfaði hann sem aðstoðarmaður dómara við EFTA-dómstólinn. Hann hefur starfað við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá júlí 2019, sem lektor frá nóvember 2019 og dósent frá september 2021. Aðalkennslugreinar hans hafa verið almenn lögfræði, sakamálaréttarfar og einkamálaréttarfar. Hann hefur

ritað tvær ritrýndar fræðibækur, *Réttarfar Félagsdóms* sem kom út árið 2020 og *Skattaréttur: Meginreglur og málsmeðferð* sem kom út á þessu ári. Einnig hefur hann skrifað 20 ritrýndar greinar og bókakafla, þar af átta greinar með öðrum. Hann hefur einnig flutt fyrirlestra og erindi hérlendis og erlendis um lögfræðileg efni. Árin 2017-2019 og 2021 var hann stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands og var leiðbeinandi BA-ritgerða við sömu deild árin 2018-2020. Hann sat í þriggja manna nefnd sem samdi nýjar réttarfarsreglur fyrir EFTA-dómstólinn 2017-2019. Hann gegndi störfum ritara kærunefndar útboðsmála 2020-2023, hefur setið í kærunefnd útlendingamála frá desember 2020 og í nefnd um dómarastörf frá febrúar 2021. Hann var skipaður varamaður varaformanns stjórnar Persónuverndar í júní 2020 en frá október 2021 til mars 2023 gegndi hann störfum varaformanns stjórnarinnar og tók þátt í afgreiðslu allra úrlausna hennar á því tímabili. Hann hefur verið varamaður í áfrýjunarnefnd neytendamála frá október 2021 og tekið þátt í úrlausn tveggja mála og í febrúar 2023 var hann settur varadómari í einu máli við Héraðsdóm Reykjavíkur. Þá hefur hann setið í ritnefnd og sinnt ritstjórnastörfum, verið forstöðumaður Réttarfarsstofnunar Háskólans í Reykjavík frá 2020 og setið í stjórn Hins norræna félags um réttarfar frá 2022.

Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði árið 1997. Að loknu laganámi hóf hún störf sem fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík og starfaði þar til ársins 2000. Í þrjá mánuði á árunum 1996-1997 vann hún í afleysingum á einkamálaskrifstofu í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og í tæp tvö ár 2000-2002 starfaði hún sem héraðsdómslögmaður á lögmannsstofu. Á árunum 2002-2004 var hún í 15 mánuði lögfræðingur á ákæru- og lögfræðisviði lögreglustjórans í Reykjavík og fór þar meðal annars með stjórn lögreglurannsókna og saksókn fyrir héraðsdómi og gegndi aftur sama starfi í átta mánuði á árinu 2006. Þá var hún lögfræðingur hjá Tryggingastofnun ríkisins, fæðingarorlofsdeild, í rúmlega tvö ár frá 2004-2006. Frá janúar 2007 til og með október 2010 starfaði hún sem lögfræðingur hjá úrskurðarnefnd almannatrygginga þar sem hún annaðist undirbúning og samningu úrskurða nefndarinnar vegna kærðra ákvarðana. Í rúmlega eitt ár 2010-2012 starfaði hún sem héraðsdómslögmaður á lögmannsstofu auk þess að starfa fyrir úrskurðarnefnd samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, við undirbúning


og samning úrskurða nefndarinnar. Frá 1. febrúar 2012 til ársloka 2015 starfaði umsækjandinn sem settur saksóknari við embætti ríkissaksóknara en var skipuð í embættið frá 1. janúar 2016. Á þessum tíma hefur hún meðal annars flutt fjölda mála á öllum dómstigum sem varða nánast alla brotaflokkka, auk þess að hafa gegnt öðrum störfum innan embættisins. Hefur hún meðal annars stýrt starfshópi er samdi siðareglur fyrir ákærendur. Þá hefur hún frá árinu 2018 annast kennslu á grunnnámskeiðum sem ríkissaksóknari hefur haldið fyrir ákærendur auk annarra námskeiða á vegum embættisins. Á árunum 1994-1998 sat hún þrisvar sinnum í hverfiskjörstjórn, tvisvar við sveitarstjórnakosningar og einu sinni við Alþingiskosningar. Árin 1999-2008 sat hún í úrskurðarnefnd um tæknifrjövgun og frá árinu 2001 hefur hún verið skipuð lögráðamaður nokkurra lögræðissviþtra einstaklinga.

Ályktarorð:

Með skírskotun til 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að Ólafur Helgi Árnason sé hæfastur umsækjenda til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang við Héraðsdóm Reykjavíkur, sbr. auglýsingu 1. september 2023. Næst honum koma Finnur Þór Vilhjálmsson, Sindri M. Stephensen og Stefanía G. Sæmundsdóttir og verður ekki gert upp á milli þeirra þriggja.

Reykjavík, 8. nóvember 2023


Ása Ólafsdóttir


Helga Melkorka Óttarsdóttir


Kristín Benediktsdóttir


Reimar Pétursson


Þorgeir Örlygsson

